

# NÁMSKRÁ

Grunnmennt



**NAFN NÁMSKRÁR**

Grunnmennt

Námskrá númer 20-484-1-500

**Vinnustundir násmanns**

500 (200 + 300)

**Hverjum ætlað**

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði

eldra en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

**Fjöldi eininga**

Allt að 24 framhaldsskólaeiningar

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Önnur útgáfa, 2020

# Efnisyfirlit

<b>NÁMSKRÁ</b> .....	<b>1</b>
INNTÖKUSKILYRÐI .....	1
MARKHÓPUR.....	1
HÆFNIVIÐMIÐ.....	1
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS .....	2
<i>Þekking:</i> .....	2
<i>Leikni:</i> .....	2
<i>Hæfni:</i> .....	2
SKIPULAG .....	3
NÁMSMAT .....	3
MAT Á FRAMKVÆMD NÁMS .....	3
STARFSNÁM.....	3
VINNUSTUNDIR .....	3
YFIRLITSTÖFLUR .....	4
Grunnmennt – GRMT .....	4
Grunnmennt I – GRMT I .....	5
Grunnmennt II – GRMT II .....	5
NÁMSPÆTTIR.....	6
NÁMSTÆKNI OG FÆRNIEFLING A    F-NAFL1GN.....	6
NÁMSTÆKNI OG FÆRNIEFLING B    F-NAFG1NL.....	7
SJÁLFSTYRKING OG SAMSKIPTI A    F-SJSA1ES.....	8
SJÁLFSTYRKING OG SAMSKIPTI B    F-SJSA1PS.....	9
TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI A    F-TÖUP1AT .....	10
TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI B    F-TÖUP1SL.....	11
ÍSLENSKA A    F-ÍSKA1FL .....	12
ÍSLENSKA B    F-ÍSKB1LM.....	13
ERLEND TUNGUMÁL A    F-ETED1UL.....	14
ERLEND TUNGUMÁL B    F-EBED1EA.....	15
STÆRÐFRÆÐI A    F-STÆA1MT.....	16
STÆRÐFRÆÐI B    F-STÆB1FB.....	17
VERKEFNAVINNA    F-VEVA1SV.....	18

# Námskrá

## Titill Grunnmennt

### Lýsing

Námskráin Grunnmennt (GRMT) lýsir námi í kjarnagreinum (almennum bóklegum greinum (ABG)) á fyrsta þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað fólki sem vill byggja upp haldgóða undirstöðu í kjarnagreinunum og undirbúa sig skv. aðalnámskrá framhaldsskóla; íslensku, stærðfræði og erlendum tungumálum með áherslu á ensku og/eða dönsku. Auk þess eru í námskránni mikilvægir námsþættir fyrir daglegt líf og störf: námstækni, samskipti og tölvu- og upplýsingatækni.

Námskránni má skipta upp í Grunnmennt I og Grunnmennt II, þar sem Grunnmennt I er undanfari að Grunnmennt II. Gert er ráð fyrir að fræðsluaðili meti þátttakendur inn í námið.

Markmið námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms, byggja upp undirstöðu í námstækni, færniefningu, sjálfstyrkingu og samskiptum, almennum bóklegum greinum, tölvufærni og grundvöll að sjálfstæðri verkefnavinnu, ásamt því að auðvelda nemum að takast á við ný verkefni og/eða áframhaldandi nám.

Námið er 500 klukkustundir og 24 einingar. Námskráin skiptist í 200 klst. GRMT I og 300 klst. GRMT II. Við námslok, í heild eða að hluta, er mögulegt að óska eftir mati á náminu framhaldsskóla. Misjafnt er eftir námi á framhaldsskólástigi hvort einingar á 1. þrepi eru metnar. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

### Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk sem býr yfir færni sem þarf til að takast á við alla hluta námsins samkvæmt námskránni.

### Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ starfsmenn í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemandur þarf að búa yfir að námi loknu. Þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspeglar breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Sjónarhornið hefur verið fært frá því sem leiðbeinandinn gerir og að þeirri hæfni sem neminn þarf að búa yfir við námslok. Neminn er þannig í brennidepli.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennsla</li> <li>• Hvað þarf að kenna einstaklingi?</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Færniuppbygging</li> <li>• Hvað þarf einstaklingurinn að vera fær um að gera?</li> </ul>

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið námsþátta (áfanga). Nám einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau

---

séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Hæfniviðmið vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem nemi hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst við hvern námsþátt fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar og eru þau skráð hér fyrir neðan.

## Hæfniviðmið náms

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti:

### Þekking:

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á

- mikilvægi góðrar námstækni
- almennri tölvuvinnslu
- siðferðisgildum við samskipti almennt og á rafrænum miðlum
- lykilþáttum ABG (ísl, stæ, ens/dan) við upphaf framhaldsskóla
- grunnþáttum sjálfstæðrar vinnu.

### Leikni:

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að

- beita viðeigandi námstækni
- taka þátt í samvinnu við úrlausn verkefna
- tjá sig á skýran og ábyrgan hátt
- nýta sér margvíslega tækni í leit að þekkingu og miðlun hennar
- vinna á sjálfstæðan og ábyrgan hátt undir leiðsögn.

### Hæfni:

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- temja sér námsvenjur sem henta
- vinna verkefni á skipulegan hátt
- sýna virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti
- taka ábyrga afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar
- tengja þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að skipuleggja alla dagskrá, hafa umsjón með námsleið, hópi nema, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Verkefnastjóri sér til þess að leiðbeinendur skili og kynni fyrir nemum kennsluáætlun fyrir hvern námsþátt. Þar skulu koma fram upplýsingar um kennsluáðferðir, námsefni, hæfniviðmið, námsmat, ítarefni og tímasetningar á yfirferð efnispáttanna og verkefnaskila. Verkefnastjóri skal sjá til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi. Auk þess að skipuleggja hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar, ásamt því að bera ábyrgð á þjónustu við nema. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnum nemum. Æskilegt er að leiðbeinendur taki mið af öllum námsþáttum námskrárinnar til að tryggja samþættingu námsþátta og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni. Takmörkuð heimavinna fylgir náminu og getur verið misjöfn eftir námsþáttum og einstaklingum.

Mikið er lagt upp úr því að samþætta verkefni hvers námsþáttar við aðra námsþætti eins og kostur er. Sérstök áhersla er á samþættingu námsþáttanna Námsstækni, Sjálfstyrking og samskipti ásamt og Tölvu- og upplýsingatækni við alla aðra þætti námskrárinnar. Grunnmennt er heildstætt nám sem alls er áætluð 480 klukkustunda vinna, skammstafað GRMT og er hægt að skipta námskránni upp í fyrri hluta, GRMT1 og síðari hluta, GRMT2. Þar sem texti vísar aðeins til Grunnmenntar (GRMT án númers) er vísað til námskrárinnar í heild.

Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum nema við upphaf náms. Nemar fá því viðfangsefni og stuðning við hæfi til að styrkja og aðstoða nema við að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsþættir eru á fyrsta þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Verkefnastjóri náms hjá fræðsluaðila metur umsækjendur inn í námið auk þess sem leiðbeinendur meta forþekkingu við upphaf hvers námsþáttar.

## Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmatið nýtist sem staðfesting á námsárangri og sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

## Mat á framkvæmd náms

Hver nemi metur eigin stöðu og einnig námið í heild, markmið náms, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti. Fræðsluaðili sér um að mat fari fram með könnun eða öðrum áreiðanlegum hætti. Mat er lagt á:

- námið og markmið þess
- skipulag námsins
- hæfni leiðbeinenda
- aðbúnað á kennslustað (þar sem við á) og veitta þjónustu.

Með þessu nemandi öðlast hæfni í að:

- taka þá ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra
- leggja mat á markmið sín og eigin framfarir í náminu.

## Starfsnám

Nei

## Vinnustundir

500

## Yfirlitstöflur

Grunnmennt – GRMT

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Eining	Þrep
Námstækni og færniefning A	F-NAFL1GN (1)	15	12	3	0,5	1
Námstækni og færniefning B	F-NAFG1NL (1)	10	5	5	0,5	1
Sjálfstyrking og samskipti A	F-SJSA1ES (1)	15	12	3	0,5	1
Sjálfstyrking og samskipti B	F-SJSA1PS (2)	10	5	5	0,5	1
Tölvu- og upplýsingatækni A	F-TÖUP1AT (3)	40	35	5	2	1
Tölvu- og upplýsingatækni B	F-TÖUP1SL (4)	60	45	15	3	1
Íslenska A	F-ÍSKA1FL (1)	45	40	5	2	1
Íslenska B	F-ÍSKB1LM (1)	60	40	20	3	1
Erlend tungumál A	F-ETED1UL (1)	45	40	5	2	1
Erlend tungumál B	F-EBED1EA (1)	60	40	20	3	1
Stærðfræði A	F-STÆA1MT (1)	40	35	5	2	1
Stærðfræði B	F-STÆB1FB (1)	60	40	20	3	1
Verkefnavinna	F-VEVA1SV (1)	40	25	15	2	1
Vinnuframlag námsmanns		500	374	126	24	1

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

## Grunnmennt I – GRMT I

Tafla 2: Fyrri hluti, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Eining	Þrep
Námstækni og færniefning A	F-NAFL1GN (1)	15	12	3	0,5	1
Sjálfstyrking og samskipti A	F-SJSA1ES (1)	15	12	3	0,5	1
Tölvu- og upplýsingatækni A	F-TÖUP1AT (3)	40	35	5	2	1
Íslenska A	F-ÍSKA1FL (1)	45	40	5	2	1
Erlend tungumál A	F-ETED1UL (1)	45	40	5	2	1
Stærðfræði A	F-STÆA1MT (1)	40	35	5	2	1
Vinnuframlag námsmanns		200	174	26	9	1

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

## Grunnmennt II – GRMT II

Tafla 3: Síðari hluti, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag-viðbót	Eining	Þrep
Námstækni og færniefning B	F-NAFG1NL (1)	10	5	5	0,5	1
Sjálfstyrking og samskipti B	F-SJSA1PS (2)	10	5	5	0,5	1
Tölvu- og upplýsingatækni B	F-TÖUP1SL (4)	60	45	15	3	1
Íslenska B	F-ÍSKB1LM (1)	60	40	20	3	1
Erlend tungumál B	F-EBED1EA (1)	60	40	20	3	1
Stærðfræði B	F-STÆB1FB (1)	60	40	20	3	1
Verkefnavinna	F-VEVA1SV (1)	40	25	15	2	1
Vinnuframlag námsmanns		300	200	100	15	1

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is



## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Bókstafir eru fyrir aftan heitin. Stafrófsröð segir til um röð námsþátta þar sem A er undanfari B. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

## Námstækni og færniefling A

F-NAFL1GN

Þrep	1
Vinnustundir	15
Námsgrein	Námstækni og færniefling A
Viðfangsefni	Grunnatriði í námstækni s.s. lestraraðferðir, minnistækni, hugkortagerð og glósutækni, færnimappa.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að hver nemi nái að tileinka sér leiðir til að læra og tileinka sér grunnatriði skipulegra vinnubragða. Þjálfun í að gera færnimöppu um eigin starfs- og námstengda færni ásamt því að skrá áunnin réttindi og skírteini sem aflað hefur verið. Grunnþjálfun í aðferðum til að skipuleggja eigin vinnubrögð. Grunnur lagður að kynningarbréfi vegna náms- og/eða starfsúmsókna. Viðfangsefni námsþáttarinnar fléttast inn í alla aðra námsþætti námskrárinnar.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþátta

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi jákvæðs sjálfsmats
- aukinni vellíðan sem aukin eigin geta skapar
- áhrifapáttum sem draga úr eða auka sjálfstraust.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna jákvæð viðbrögð við ólíkar aðstæður
- setja sig í spor annarra
- endurmeta trú á eigin getu.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- trúa á eigin getu
- vinna með öðrum
- átta sig á eigin veikleikum og styrkleikum.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Námstækni og færniefling B

F-NAFG1NL

Þrep	1
Vinnustundir	10
Námsgrein	Námstækni og færniefling B
Viðfangsefni	Námstækni, lestraraðferðir, að setja sér markmið, skipulögð vinnubrögð, ferilskrá, kynningarbréf og uppfærsla á færnimöppu.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemi þjálfist í að læra og skapi sér námsstíl. Gera/uppfæra færnimöppu sem lýsir eigin færni ásamt því að skrá áunnin réttindi og skírteini. Farið er í grunnatriði tímastjórnunar og þjálfun í að beita aðferðum til að skipuleggja eigin vinnubrögð og setja sér raunhæf markmið. Þá er þjálfun í uppbyggingu og framsetningu á ferilskrá og kynningarbréfi.

Viðfangsefni námsþáttarins fléttast inn í alla námsþætti námskrárinnar.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi námstækni og námsaðferðum
- hvað þarf til að geta sett sér raunhæf markmið (í námi)
- ólíkum lestraraðferðum
- sjálfsaga og hugarfari gagnvart breytingum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja vinnu sína við nám og störf
- setja sér raunhæf markmið
- gera samantekt um eigin færni
- setja upp snyrtilega ferilskrá.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita sjálfsaga til að ná eftirsóttum árangri
- gera kynningarbréf á nokkra mismunandi vegu
- nýta mögulegar þjargir til að efla námstækni sína
- nýta mögulegar þjargir til að styrkja persónulega færni.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Sjálfstyrking og samskipti A

F-SJSA1ES

Þrep	1
Vinnustundir	15
Námshgrein	Sjálfstyrking og samskipti A
Viðfangsefni	Efla sjálfstraust, samskiptatækni, örugg framkoma, vinnustaða-/skólalæming, styrkleikar, sjálfsagi, vellíðan

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að efla skilning á mikilvægi sjálfsvirðingar og sjálfstrausts með áherslu á að efla trú á eigin getu í mannlegum samskiptum og auka skilning á van- og ofmati á eigin ágæti. Stór hluti námsþáttarinnar fer í leikni til að hlusta og gagnrýna (jákvætt / neikvætt). Áhrif sjálfsaga á árangur og vellíðan. Farið er í hlutverkaleiki og sambærileg verkefni og þau nýtt til að leysa verkefni. Námsþátturinn er einkum verkefnamiðaður.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi jákvæðs sjálfsmats
- aukinni vellíðan sem aukin eigin geta skapar
- áhrifaþáttum sem draga úr eða auka sjálfstraust.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna jákvæð viðbrögð við ólíkar aðstæður
- setja sig í spor annarra
- endurmeta trú á eigin getu.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- trúa á eigin getu
- vinna með öðrum
- átta sig á eigin veikleikum og styrkleikum.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Sjálfstyrking og samskipti B

F-SJSA1PS

Þrep	1
Vinnustundir	10
Námshgrein	Sjálfstyrking og samskipti
Viðfangsefni	Persónuleg styrking, samskiptatækni, örugg framkoma, vellíðan, ágreiningur, markmið og ábyrgð, viðtalstækni

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að efla öryggi í framkomu með áherslu á þjálfun í mannlegum samskiptum og mati á eigin ágæti. Rífuð er upp leikni við að hlusta, gagnrýna og leiðir til að leysa ágreining. Töluvert um t.d. hlutverkaleik og sambærileg verkefni sem nýtt eru til að leysa verkefni. Fjallað er um sjálfstraust í líkamstjáningu og ákjósanleg viðbrögð fólks við bæði jákvæðri og neikvæðri gagnrýni (ekki bara hrósi og lasti). Rætt er hvernig við setjum fólki mörk, að geta sagt nei og geta beðist afsökunar, geta fyrirgefið og óskað eftir greiða frá kunnugum. Námsþátturinn er einkum verkefnamiðaður.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- gildi jákvæðs sjálfsmats
- áhrifaþáttum gagnvart sjálfstrausti og vellíðan
- gildi góðra samskipta á vinnustað.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna jákvæð viðbrögð við ólíkar aðstæður
- hlusta á virkan hátt
- tjá eigin skoðanir í hópi
- nýta leiðir sjálfstyrkingar.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- trú á eigin getu
- vinna með öðrum
- átta sig á veikleikum og styrkleikum hjá sér og öðrum.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Tölvu- og upplýsingatækni A

F-TÖUP1AT

Þrep	1
Vinnustundir	40
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Almenn tölvunotkun, opinn hugbúnaður, ritvinnsla og fingrasetning, slæðugerð fyrir kynningu, netsiðir (netiquette) – umgengnisreglur á netinu, tölvupóstur (fagleg notkun, öryggisvitund).

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla færni námsmanna í almennri tölvunotkun með áherslu á opinn gjaldfrjálsan hugbúnað. Stuttlega er fjallað um virkni tölva og snjalltækja til að auka skilning á virkni tækja og öryggisvitund vegna vél- og hugbúnaðar. Þá er mikilvægi siðlegra samskipta á netinu (e. netiquette) tekið fyrir með lýsandi dæmum og æfingum um mörk og misskilning. Áhersla er á þjálfun fingrasetningar og að kenna hagnýta notkun tölvupósts og dagbókar, ritvinnslu og helstu miðla. Að auki er mikilvægt að æfa notkun hljóðnema, hlustunartækis og vefmyndavélar, einkum við rafræna fundi.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi siðlegra samskipta á netinu (almennar umgengnisreglur)
- mikilvægustu aðgerðum varðandi vélbúnaðinn
- mikilvægum aðgerðum við hugbúnaðinn, t.d. að finna og ræsa, keyra eða vista forrit
- algengum leitarforsendum leitarvéla
- möppugerð, vistun skjala og prentun
- helstu aðgerðum við notkun tölvupósts, dagbókar og ritvinnslu.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- ræsa/opna tölvu/snjalltæki með notandanafni og lykilorði auk þess að ganga frá tækinu
- nota helstu jaðartæki með tölvu (t.d. síma og prentara)
- ræsa forrit, nota algengar skipanir og ganga skipulega frá skjölum
- nota vafra og leitarvélar í markvissum tilgangi
- nota hljóðnema, hlustunartæki og vefmyndavél.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- opna, skrifa og senda tölvupóst með viðhengi
- nota ritvinnslu til að opna, skrifa og vista skjal í möppu
- taka þátt í (eiga) samskiptum á netinu, taka þátt í spjalli
- finna og velja gagnleg hjálpargögn á netinu til notkunar í íslensku og erlendu tungumáli.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Tölvu- og upplýsingatækni B

F-TÖUP1SL

Þrep	1
Vinnustundir	60
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Fagleg færni, töflureiknir í stærðfræði, nýting ritvinnsluforrita, opinn hugbúnaður, m.a. hugkort og kynningarforrit, þjálfun í t.d. Google docs, kennd og æfð notkun hugkorta, Office 365 sem heildarkerfi, skýjalausnir.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttar er áframhaldandi styrking á faglegri færni við notkun hugbúnaðar sem kynntur var í fyrri námsþætti og notkun Internetsins. Áhersla á þjálfun í notkun töflureiknis með samþættingu við stærðfræði og aðra námsþætti, þjálfun í að nýta ritvinnsluforrit á marga vegu. Kostir opins hugbúnaðar eru kynntir ítarlega og nenum gefinn kostur á að opna eða búa til aðgang að opnum hugbúnaði til að nýta hann, auk þjálfunar í grunnatriðum á t.d. Google docs. Þá er æfð framsetning á kynningarefni, t.d. með slæðum og myndskreiðum (t.d. ppt, prezi) og kennd eru og æfð notkun hugkorta. Kynning á Office 365 sem heildarkerfi. Farið er í notkun á helstu forritum og einkenni og flokkar skýjalausna eru kynnt og notkun þeirra þjálfuð.

Forkröfur: Tölvu- og upplýsingatækni A – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að styrkja og auka við rafræna færni sína
- helstu aðgerðum allra forrita sem kynnt og notuð eru
- tengingu milli tölvupósts og dagbókar
- framsetning gagna á myndrænu formi í töflureikni
- skýjalausnum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- nota stílbrogð og innbyggð snið í forritum
- flutningur og samþæfing gagna milli ritvinnslu og töflureiknis
- sníða og brjóta um í forritum
- nota helstu aðgerðir í tölvupóstforriti
- skrifa rafrænan texta og tengja texta, mynd og hljóð eins og við á
- vinna með skýjalausnir.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útbúa kynningu með bakgrunni, litum, ljósmyndum og teikningum
- gera kynningu með ólíkum aðgerðum forritsins, tímastíllt og með aðstoðartexta
- nota töflureikni og önnur forrit sem æfð hafa verið, til að opna nýtt skjal, skrifa texta, reikna, útbúa ramma og prentsnið ásamt því að vista á ákveðinn stað í möppu
- auka upplýsingalæsi og meðvitund um stöðugar breytingar í upplýsingatækni.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Íslenska A

F-ÍSKA1FL

Þrep	1
Vinnustundir	45
Námshgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Framsögn, lestur, ritun, aukinn orðaforði og tjáning.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemandur þjálfist í málfærni í ræðu og riti og efli þannig meðal annars sjálfstraust. Áhersla á að efla færni í lestri og ritun þar sem þjálfaður er lesskilningur, lestrarhraði og úthald við lestur. Unnið er með fjölbreytta texta á þægilegu máli og sjónum beint að ólíkri málnotkun eftir aðstæðum. Þá eru unnin ritunarverkefni í tengslum við grunnþætti stafsetningar og greinarmerkjasetningar. Bæði er unnið með frjálsa ritun til að styðja frumkvæði, málnotkun og sköpun en einnig eftir upplestri til að styrkja réttritun. Öll ritun tengist notkun ritvinnsluforrita og kynnt er og þjálfuð notkun á leiðréttingarforriti til að bæta og styðja eigin texta. Grunnatriði í meðferð heimilda eru kynnt og æfð.

**Forkröfur:** Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi helstu þátta sem góð lestrarfærni veitir
- ólíkum lestraraðferðum, s.s. hraðlestri, nákvæmnislestri, leitarlestri
- uppbyggingu ólíkra texta
- notkun hjálpargagna við lestur og skrif.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og ánægju ólíka texta sem gera nokkrar kröfur til lesanda
- nota mismunandi lestraraðferðir eftir texta og tilgangi lestrar
- nota yfirlestrarforrit og orðabækur til að laga eigin texta
- greina aðalatriði út úr texta og geta sagt frá þeim
- nýta upplýsingaöflun úr heimildum eins og við á.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka eigin leshraða
- auka við og dýpka lesskilning
- styrkja eigin mál- og ritfærni
- semja stutta texta af ólíku tagi með viðeigandi málvari.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og endurgjöf fyrir hvert verkefni sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Íslenska B

F-ÍSKB1LM

Þrep	1
Vinnustundir	60
Námssgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Læsi, munnleg tjáning, ritun, orðaforði, samþætt ritvinnsla og hjálpargögn.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að styrkja enn frekar lestraraðferðir og læsi í víðum skilningi, meðal annars með lestri viðameiri texta, ásamt því að námstækni fléttast inn í alla þætti til að efla námsvitund og sjálfstæði í námi. Þá er áhersla á að nemar æfist í samfélagslega gagnrýnni umfjöllun um ólík viðfangsefni og þjálfist áfram í notkun hjálpargagna við textagerð með ritvinnsluforriti. Fjallað er um grundvallaratriði í uppbyggingu og framsetningu ritsmíða og meðferð heimilda. Ritun er æfð markvisst með áherslu á að styrkja kunnáttu í stafsetningu og málfræði. Með samþættingu námstækni fá nemar auk þess þjálfun í gerð og framsetningu kynninga, umsóknar um atvinnu og ferilskrár.

Forkröfur: Íslenska A – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að tileinka sér árangursríkar aðferðir í eigin námi
- nokkrum ólíkum tegundum bókmennta og nytjatexta
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- helstu atriðum sem einkenna góða framsögn
- mikilvægi stafsetningar og málfræði við textaskrif.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- greina inntak þess sem lesið er, sér til gagns og gamans
- skrifa ólíkar gerðir texta
- tjá sig munnlega og skriflega um umræðu- eða lesefni
- taka saman stuttar endursagnir úr ritmáli
- flytja eigið efni og annarra af ýmsum toga.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fjalla um inntak stuttra ritverka
- greina einföld atriði í málfræði og stafsetningu
- kynna og ræða eigin verk og annarra
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang á eigin texta.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og endurgjöf fyrir hvert verkefni og leiðbeiningu við vinnslu verkefna.



## Erlend tungumál A

F-ETED1UL

Þrep	1
Vinnustundir	45
Námshgrein	Erlend tungumál - enska / danska
Viðfangsefni	Upprifjun á grunnþáttum tungumáls, byggja upp þekkingu og færni með hlustun og lestri, tjáningu með tali og almennu orðalagi auk fjölbreyttra ritunaráfinga.

### Lýsing

Upprifjun á grunnþáttum tungumálsins. Tilgangur námsþátta er að byggja upp þekkingu og færni í notkun málsins svo að nemandi geti skilið og talað lítillega um efni sem hefur verið æft. Skilningur á töluðu máli er þjálfður með áherslu á hlustun og lestur einfaldra texta í tengslum við daglegt líf og lestur léttlestrarbókar og stuttra greina, til dæmis af vefmiðlum. Tjáning með tali er þjálfuð meðal annars með upplestri í tengslum við skilning og þjálfun á viðeigandi almennu orðalagi. Þá eru einnig fjölbreyttar æfingar í ritun með áherslu á réttritun og frjálsa ritun. Námsþátturinn er á stigi A-1 samkvæmt evrópska tungumálarámmannum.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþátta

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengustu orðum málsins
- grunnreglum í málfræði og ritun
- einföldu almennu talmáli, s.s. í samtölum, hljóð- og myndmiðlum
- algengum reglum um framburð orða.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfalda texta
- skrifa einfaldan texta um þekkt efni með viðeigandi uppsetningu
- taka þátt í einföldum samræðum um persónuleg málefni
- byggja upp og bæta við eigin orðaforða með ýmsum aðferðum
- hlusta eftir upplýsingum í samtali og tal- eða myndmiðlum.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita virkri hlustun
- sýna skilning á inntaki tal- og myndmáls við úrlausn verkefna
- beita grunnatriðum málfræði í ritun og tali
- taka þátt í samtali á tungumálinu um efni sem fjallað er um hverju sinni.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Erlend tungumál B

F-EBED1EA

Þrep	1
Vinnustundir	60
Námssgrein	Erlend tungumál - enska / danska
Viðfangsefni	Áframhaldandi færniuppbygging, lesskilningur, orðaforði, daglegt mál, ritun.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að auka grunnfærni í tungumálinu svo nemar sjái hvernig færnin nýtist á ýmsan hátt. Mikilvægt er að auka læsi með æfingum í tengslum við orðaforða og lesskilning með áherslu á lestur fjölbreyttra texta á tungumálinu. Kynnt eru og þjálfuð hjálpargögn á borð við rafrænar orðabækur og leiðréttingaforrit fyrir ritað mál. Tjáning á daglegu máli er þjálfuð jöfnum höndum bæði munnlega og skriflega og undirstöðuatriði í málfræði fléttuð inn í allt efni námsþáttarins. Textarýni og túlkun eru þjálfuð, meðal annars með lestri greina og smásagna. Námsþátturinn er á stigi A-1/A-2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Forkröfur: Erlend tungumál A (sama tungumál) eða sambærilegt – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að auka orðaforðann til að efla málskilning
- helstu þáttum í málfræði tungumálsins
- notkun helstu hjálpargagna við tungumálanám
- algengustu framburðarreglum.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig munnlega, í samfelldu máli, um persónuleg málefni, verslun, fjölskyldu og námsefni
- skrifa einfaldan texta um þekkt efni
- hlusta á og taka þátt í einföldum beinum samtölum
- nýta rafrænar orðabækur og önnur stafræn hjálpargögn í tungumálanámi
- lýsa mikilvægum þörfum á einfaldan hátt.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita helstu málfræðiatriðum í tali og ritun
- rýna stutta frásagnartexta
- afla sér einfaldra upplýsinga á mismunandi hátt
- afla sér þekkingar á tilteknu efni og miðla því á einfaldan hátt.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Stærðfræði A

F-STÆA1MT

Þrep	1
Vinnustundir	40
Námssgrein	Stærðfræði A
Viðfangsefni	Meðferð talna, grunnaðgerðirnar fjórar, forgangsörðun aðgerða, prósentur og brot. Lagður grunnur að samþættingu við töflureikni í útreikningi verkefna.

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er tvíþættur. Í fyrsta lagi meðferð talna og vinnubrögð sem þarf að viðhafa við stærðfræðináms og nám almennt, upprifjun og þjálfun í undirstöðuatriðum stærðfræði til að geta tekist á við úrlausnarefni í daglegu lífi, þar með talin notkun reiknivélar (vasareiknis). Í öðru lagi að auka sjálfstraust og áhuga á að bæta færni í faginu. Mikilvægi grunnaðgerðanna fjögurra og forgangsörðun þeirra við útreikninga er æfð, þ.e. deiling, námundun, almenn brot og einföldun á almennum brotum og prósentur. Þjálfuð er notkun hugtaka sem nýtast í daglegu lífi og efla sjálfstraust gagnvart stærðfræði og vekja þannig áhuga á hagnýtingu stærðfræði og á eigin getu til að leysa viðfangsefnið jafnt sem viðfangsefni hversdagsins.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu reglum í vinnubrögðum við lausn verkefna
- mikilvægi eigin þjálfunar við að leysa verkefni í stærðfræði
- undirstöðu reikniaðgerða og forgangsörðun aðgerða (hvar á að byrja)
- helstu aðgerðatökkum á reiknivél, til dæmis  $x$  í öðru veldi ( $x^2$ )
- að þræða sig áfram við úrlausn verkefna á rökvissan hátt
- hlutfallsreikningi (t.d. hvernig hlutföll eru jafngild).

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- leysa verkefni í tengslum við forgangsörðun aðgerða (forgangsraða algengustu reikniaðgerðum í verkefnum)
- nota helstu stærðfræðitákna eins og jafnaðarmerki (=)
- reikna almenn brot
- reikna einföld prósentuverkefni

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra notkun algengra stærðfræðitákna eins og jafnaðarmerkis, sviga og prósentu
- nýta formúlur við úrlausnir á skipulegan hátt
- ræða við aðra um helstu aðgerðir til að leysa fjölbreytt verkefni.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á endurgjöf og leiðsagnarmat á vinnu og virkni nema.

## Stærðfræði B

F-STÆB1FB

Þrep	1
Vinnustundir	60
Námssgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Forgangsröðun aðgerða, bókstafareikningur, hlutföll, prósentur, veldi og rætur. Grunnþættir SI-einingakerfis í tengslum við massa, flatarmál og rúmmál. Áframhaldandi samþætting við töflureikni við úrlausn verkefna.

### Lýsing

Tilgangurinn er einkum að auka færni við úrlausnir verkefna og jákvætt hugarfar gagnvart stærðfræði og þar með talið gagnvart eigin getu. Rifjuð er upp forgangsröðun aðgerða og nemar tileinka sér undirstöðuatriði bókstafareiknings, þ.e. að liða og þátta. SI-einingakerfið er kynnt og æfðar grunnaðgerðir við útreikninga á massa, flatarmáli og rúmmáli. Þá er fjallað um veldi og rætur, útreikning á hlutföllum og ítarlegri prósentureikning og lagt upp úr góðri þjálfun með verkefnum. Áfram er svo stöðugt unnið með að efla jákvæða ímynd og að auka getu við að leysa stærðfræðileg viðfangsefni.

Forkröfur: Stærðfræði A – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- forgangsröðun aðgerða
- undirstöðu í bókstafareikningi, jöfnum, liðun og þáttun
- undirstöðu í velda- og rótareikningi
- hlutföllum og prósentureikningi
- mikilvægi einfaldrar stærðfræði í daglegu lífi.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- forgagnsraða aðgerðum
- reikna einfaldan bókstafareikning
- leysa einfaldar jöfnur með einni óþekktri stærð
- leysa verkefni með þáttun og liðun
- reikna hlutfalla- og prósentuverkefni
- nota reiknivél eða/og töflureikni við úrlausn verkefna.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna skipulega að úrlausn verkefna
- miðla og ræða eigin úrlausnir við jafningja
- skiptast á skoðunum um leiðir til að leysa verkefni
- nýta reikniaðgerðir til að reikna hagnýt verkefni á eigin vegum.

### Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á endurgjöf og leiðsagnarmat á vinnu og virkni nema.

## Verkefnavinna

F-VEVA1SV

Þrep	1
Vinnustundir	40
Námssgrein	Verkefnavinna
Viðfangsefni	Sjálfstæð verkefnavinna með leiðsögn og stuðningi, skipulögð vinnubrögð, skráning og meðferð upplýsinga, samþætting við Tölvu- og upplýsingatækni (þjálfun í ritvinnslu/töflureikni við úrlausn verkefna)

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að veita undirbúning fyrir sjálfstæða verkefnavinnu í frekara námi eða öðrum störfum. Einnig að veita tækifæri til að samþætta og dýpka þekkingu, leikni og hæfni sem nemandur hefur þegar aflað sér í öðrum námsþáttum.

Viðfangsefni er unnið í tengslum við kjarnagrein, svo sem erlent tungumál, íslensku eða stærðfræði. Gert er ráð fyrir að nemandur vinni einstaklings- eða paraverkefni með áherslu á skipulagningu og skiptingu verkefnis í samvinnu svo vinnuframlag hvers um sig sé álíka við lok verkefnis.

Mikilvægt er að miðlun efnis í formi kynningar sé í samræmi við námshluta sem tengjast framsetningu og uppsetningu efnis í ritvinnslu og/eða töflureikni eða öðrum miðlunarforritum sem nota skal við gerð og framsetningu efnis. Innihald og efnistöð í kynningunni eru grundvöllur að heildarmati verkefnis en auk þess er tekið tillit til málfars, réttitunar og vandaðs frágangs.

Hver nemi skal hafa leiðbeinanda í verkefninu eða kennara í faginu sem leiðbeinir um efnistöð og umfang verkefnis. Nemi og leiðbeinandi nota hugbúnað til upprunaathugunar (ritstuldar) við yfirferð verkefnis. Leiðbeinandi skal ekki sjá ein/n / alfarið um námsmat verkefnisins.

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi vandaðra vinnubragða við öflun upplýsinga og heimilda
- að afmarka efnistöð strax við upphaf verkefnis
- setja skýrar línur fyrir ramma verkefnis
- nýta fundi með leiðbeinanda með því að vera vel undirbúin/n
- faglegri uppsetningu verkefnis, með efnisyfirliti og öðru sem þurfa þykir.

**Leikniviðmið:** Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- afla heimilda á bókasöfnum, netinu, með viðtölum eða á annan hátt
- gera lítilsháttar breytingar á verkefni (ef þarf) út frá samstarfi við leiðbeinanda
- skrá heimildir á viðurkenndan hátt
- nota forrit til upprunaathugunar (t.d. Turnitin) til að kanna eigið verk.

**Hæfniviðmið:** Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr upplýsingum sem aflað er við verkefnið
- kynna eigið verkefni
- bera ábyrgð á framgangi eigin vinnu
- auka eigin færni við sjálfstæða verkefnavinnu.

### Námsmat

Fjölbreytt símat með reglulegri endurgjöf og leiðbeiningu við vinnslu verkefnis. Í tilvikum paravinnu bætist við jafningjamat og er gert ráð fyrir tveimur einstaklingsviðtölum, einu fyrir hvorn námsmann, með leiðbeinanda.